

# Vefrit fjármálaráðuneytisins

4. janúar 2007

## Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar – nóvember 2006

Handbært fé frá rekstri ríkissjóðs samkvæmt [greiðsluuppgjöri](#) fyrir fyrstu ellefu mánuði ársins jókst um 52 ma.kr., sem er 30,1 ma.kr. hagstæðari útkoma en á sama tíma í fyrra. Tekjur voru 34 ma.kr. meiri en í fyrra, ef undanskildar eru tekjur vegna sölu Landssímans hf. en gjöld jukust um 5 ma.kr. Hreinn lánsfjárfjórnuður var jákvæður um tæpa 50 ma.kr. en var jákvæður um rúma 70 ma.kr. á sama tíma í fyrra.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 339 ma.kr. Á sama tíma í fyrra voru þær 361 ma.kr. og þar af voru 57 ma.kr. söluhagnaður af Landssímanum. Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 12,9% að nafnvirði eða 5,9% umfram verðbólgu. Skattar á tekjur og hagnað námu 107 ma.kr. og jukust um 20%. Innheimt tryggingagjöld jukust um 16% milli ára, eða 6% umfram hækkun launavísitölu. Innheimta skatta á vöru og þjónustu nam 160 ma.kr. og jókst um 5,9% að raunvirði. Á árinu hefur hægt á vexti veltuskatta og á síðustu fjórum mánuðum hafa tekjur af veltusköttum í heild dregist saman um 0,8% milli ára að raunvirði.

Greidd gjöld námu 285 ma.kr. og jukust um 5 ma.kr. milli ára. Vaxta-greiðslur lækka um 8,2 ma.kr., einkum vegna þess að stór flokkur spariskírteina var á innlausn í apríl 2005. Þá lækkar greiddur fjármagnstekjuskattur um 6,1 ma.kr. milli ára vegna sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Landssímanum hf. í fyrra. Að vaxtagreiðslum og fjármagnstekjuskatti undanskildum hækka gjöldin um 19,3 ma.kr. eða 7,5%. Mest munar um 5,9 ma.kr. hækkun til heilbrigðismála og 3,3 ma.kr. til menntamála. Þá hækka greiðslur til almannatrygginga- og velferðarmála um 3,1 ma.kr. og almennrar opinberrar þjónustu um 2,5 ma.kr. Lántökur ársins nema 21,6 milljörðum króna en afborganir lána 44,6 milljörðum. Mismunurinn er fjármagnaður með handbæru fé frá rekstri.

## Útgáfa ritsins Þjóðarbúskapurinn árið 2007

Á árinu 2007 verður ritið Þjóðarbúskapurinn gefið út fjórum sinnum, bæði á íslensku og ensku. Á vetrar- og sumarmánuðum verða gefnar út endurskoðaðar þjóðhagsspár til tveggja eða þriggja ára í senn. Þessar skýrslur eru stuttar, með færri tölflum í viðauka og verða einungis birtar á vef fjármálaráðuneytisins. Fleiri töflur verða þó uppfærðar á vef ráðuneytisins í tengslum við útgáfuna. Í vetrarskýrslu verður þjóðhagsspáin uppfærð í ljósi ákvarðana Alþingis um fjárlög og fjáráukalög til viðbótar við nýjar upplýsingar um efnahagsþróun. Á vor- og haustmánuðum verða gefnar út ítarlegri spár með áherslu á framvindu efnahagslífsins til meðallangs tíma, eða fimm ára í senn, og ítarlegum tölfluviðauka. Haustspáin er jafnframt byggð á nýjum forsendum um ríkisfjármálin sem felast í fjárlagafrumvarpinu. Vor- og haustskýrslur eru gefnar út á prentuðu formi og á vef fjármálaráðuneytisins. Útgáfuáætlun fjármálaráðuneytisins fyrir ritið þjóðarbúskapurinn er sem hér segir fyrir árið 2007:

16. janúar 2007	Endurskoðuð þjóðhagsspá fyrir árin 2006 – 2008
24. apríl 2007	Þjóðhagsspá fyrir árin 2007 – 2012
19. júní 2007	Endurskoðuð þjóðhagsspá fyrir árin 2007 – 2009
1. október 2007	Þjóðhagsspá fyrir árin 2007 – 2012


## Innflutningur í desember

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu sem byggðar eru á gögnum um innheimtu virðisaukaskatts var vöruskiptajöfnuður neikvæður um 9 milljarða í desember. Flutt var út fyrir um 19 milljarða króna í mánuðinum en innflutningur nam rúmu 28 milljörðum króna. Innflutningur hefur því aukist um tæpt 1,0 prósent ef miðað er við tólf mánaða breytingu á staðvirtu meðaltali síðustu þriggja mánaða. Ef rýnt er nánar í innflutningstölur sést að innflutningur er nokkuð minni en í

nóvember en það má að stórum hluta rekja til minni olúinnflutnings en sá liður er mjög sveiflukenndur milli mánaða. Innflutningur á fjárfestingarvörum dregst saman frá fyrri mánuði en á móti var meira flutt inn af hrá- og rekstrarvörum. Neyslutengdur innflutningur lækkar talsvert frá nóvember líkt og gerst hefur í desembermánuði síðustu ár og á það bæði við um varanlegan (heimilistæki ofl.) og hálf-varanlegan (t.d. fót og skór) neysluvarning. Bílannflutningur minnkar nokkuð frá fyrri mánuði og er nú svipaður að umfangi og á haustmánuðum.

Ef bráðabirgðatölur eru lagðar við innflutningstölur á árinu reyndist vöruinnflutningur nema tæpum 364 milljörðum króna árið 2006. Niðurstaðan er órlítið hærri en í þjóðhagsspá sem kom út í haust en þar var gert ráð fyrir að flutt yrði inn fyrir tæpa 361 milljarða króna á árinu. Misræmið má að mestu skýra með því að innflutningur á fjárfestingarvörum ásamt hrá- og rekstrarvörum hefur verið nokkuð meiri í tengslum við stóriðjuframkvæmdir á síðari hluta ársins.

Staðvirtur vöruinnflutningur janúar 2003 - desember 2006



## Reglur um skattmat og reiknað endurgjald

Reglur um skattmat vegna tekna manna, um skattmat vegna tekna af landbúnaði og um reiknað endurgjald eru gefnar út af fjármálaráðuneytinu í upphafi árs að fengnum tillögum ríkisskattstjóra en þar koma fram ítarlegar upplýsingar um þessi atriði fyrir tekjuárið sem í hönd fer. Reglurnar fyrir tekjuárið 2007 hafa verið birtar og er hægt að skoða þær með því að smella á eftirfarandi tengla.

[Reglur nr. 1110/2006 um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2007.](#)

Skattmatið tekur til hvers þess sem nýtur hlunninda eða er aðnjótandi gæða, sem telja ber til tekna skv. 7. gr. tekjuskattslaga, óháð starfs-sambandi milli þess er lætur hlunnindi eða gæði af hendi og þess sem þeirra nýtur. Telja ber til tekna hvers konar gæði sem mönnum hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir þá ekki máli hvaðan þau stafa eða í hvaða formi þau eru.

[Reglur nr. 1083/2006 um skattmat vegna tekna af landbúnaði árið 2007.](#)

Um er að ræða mat á tekjum í búrekstri, hvort sem um er að ræða einstaklingsrekstur eða rekstur lögaðila sem færa ber á rekstrar-reikning landbúnaðarskýrslu fyrir árið 2007.

[Reglur nr. 1084/2006 um reiknað endurgjald á tekjuárinu 2007.](#)

Reglur þessar eru til viðmiðunar fyrir reiknað endurgjald fyrir vinnu manns, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, eða starfar á vegum sameignarfélag, einkahlutafélags eða hlutafélags eða á vegum tengdra félaga þar sem hann hefur ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar ef launatekjur af því starfi teljast vera lægri en hann hefði haft ef unnið hefði verið fyrir ótengdum eða óskyldum aðila.

Tekjur ríkissjóðs janúar-nóvember			Gjöld ríkissjóðs janúar-nóvember			Afkoma ríkissjóðs janúar-nóvember			Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	2005	2006	12 mánaða breyting (%)	2005	2006	Milljónir króna	2005	2006	12 mánaða breyting (%)	2005	2006
Skatttekjur og trygg.gjöld	21,3	12,9	Almenn opinber þjónusta	31,2	-21,2	Handbært fé frá rekstri	21.461	52.031	Verðbólga (des.)	4,1	7,0
Skattar á tekjur og hagnað	24,8	20,1	Heilbrigðismál	5,5	8,3	Hreinn lánsfjárfjórnuður	70.420	49.893	Kjarnaverðbólga (des.)	4,6	7,0
Eignarskattar	31,6	-42,6	Alm.trygg. & velferðarmál	4,9	4,8	Afborgun lána	-61.597	-44.583	Launavísitala (nóvember)	7,3	10,5
Skattar á vöru og þjónustu	19,6	12,9	Efnahags- og atvinnumál	-2,5	2,5	Brúttó lánsfjárfjórnuður	3.691	1.661	Heildarvelta (jan.-ágúst)	8,5	12,6
Tryggingagjöld	16,4	16,1	Menntamál	14,7	12,1	Lántökur	7.734	21.587	Smásöluvelta (jan.-ágúst)	5,3	4,1
Tekjur alls	45,6	-6,2	Gjöld alls	8,9	1,8	Greiðsluafkoma	11.425	23.248	Atv.leysi, árst.leiðr. (nóv.)	1,6	1,1